

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Jóhannes Magnússon á að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og greiða allan kostnað máls þessa í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til verjanda fyrir aukarjettinum, Árna hjerðslæknis Jónssonar, 4 kr., og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. marzmán.

Nr. 4/1890.

Hið opinbera

gegn

Eggert Laxdal.

D ó m u r:

Með lögreglurjettardómi Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 10. okt. 1889, var verzlunarstjóri Eggert Laxdal dæmdur til að greiða 4 kr. sekt í hlutaðeigandi fátæktrasjóð, svo og til að lúka allan málskostnað í máli, sem var höfðað á móti honum fyrir ólöglega lyfjasölu. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Í blaðinu «Nordurljósið» 4. árg. 9. tölubl., sem út kom á Akureyri 25. maí 1889, auglýsti hinn kærði, að í verzlun hans væri til sölu «ýms lyf», svo sem «Kjöngslástur (ekta), Sundhedssalt (ekta), Brama-lífs Elixír (ekta), Opodeldoc (gigtaráburður), Róboransdropar (samansettir chinadropar), hreinsað sodaduft og síra». Út af

Þessari auglýsingu var hann kærður fyrir ólöglega lyfja-sölu, og fyrir lögreglurjettinum kannaðist hann við það, að hann hefði gefið út tjeða auglýsingu og að hann hefði selt «Opodeldoc», «Roboransdropa» og «Kjöngsplástur». Þar á móti finnst eigi í málinu viðurkenning hins kærða fyrir því, að hann hafi selt «Sundhedssalt», «Brama-lífs-Elixír» og «Sodaduft» (hreinsað) og «sýru», þó hann hafi auglýst það til sölu.

Með því á þenna hátt að auglýsa til sölu og selja «Opodeldoc», «Roboransdropa» og «Kjöngsplástur» — en þessar vörur heyra eiginlega lyfjabúðum til — hefur hinn kærði gjörzt brotlegur gegn fyrirmælum í tilsk. 4. des. 1672, sjá sjerstaklega 11., 29. og 30. gr., sbr. Instrux fyrir landlækni 25. febr. 1824, 18. gr. og Instrux fyrir hjeradslæka 25. febr. 1824, 17. gr. Refsinguna fyrir brot þetta pykir mega ákveða eptir atvikum 4 kr. sekt, er renni í hlutaðeigandi fátækra sjóð. Hinn kærði verður og, eptir þessum úrslitum málsins, að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og málfærsla við yfirdóm lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Eggert verzlunarstjóri Laxdal, á að greiða 4 kr. sekt í hlutaðeigandi fátækra sjóð og auk þess allan kostnað sakarinnar, bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Páls

Briem, og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 63/1889.

Hannes Hafstein fyrir hönd
Alex. Mc. Glashan & Son
gegn
Jóhönnu Kr. Bjarnason.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af skuld, að upphæð 9265 kr. 20 a., er umbjóðendur áfrýjandans, kaupmennirnir Alex. Mc Glashan & Son í Granton telja til fyrir vörur, er þeir hafi látið verzlunina «Jóhanna Bjarnason & Co.» í Reykjavík fá árin 1884 og 1885, en áfrýjandinn telur stefndu, er þá sat í óskiptu búi eptir mann sinn látinn, Hákon kaupmann Bjarnason frá Bildudal, hafa verið eiganda nefndrar verzlunar, sem sonur hennar Brynjólfur H. Bjarnason var forstjóri fyrir, eða að minnsta kosti hafi hún borið ábyrgð á skuldaskiptum verzlunarinnar við menn út í frá, þar sem verzlunin var rekin upp á borgarabryf hennar sjálfar til verzlunar.

Þegar skipti áttu fram að fara í dánar- og fjelagsbúi hinnar stefndu og nefnds manns hennar, og innköllun til skuldheimtumanna hafði verið útgefin í búinu, lýsti áfrýjandinn, sumarið 1887, þessari sömu skuld í búid, en með því að umboðsskjal það, er hann þá framfærði sem heimild til að krefja skuldarinnar, var að eins, eptir eigin viðurkenningu hans, stýlað til skuldheimtu á hendur Brynjólfi H. Bjarnasyni, þeim er áður er nefnd-